

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

Fundargerð

Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, þriðjudaginn 5. júlí 2016 kl. 10:00

Mættir: Ágúst Ingi Ólafsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Leifur Bjarki Björnsson, slökkviliðsstjóri.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fundinn.

Þetta gerðist:

1. Tilnefning fundarritara.

Samþykkt að NJ riti fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar og ársreikningur 2015.

Ágúst Ingi lagði fram skýrslu stjórnar og ársreikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2015.

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur	kr. 27.000.008
Rekstrargjöld	kr. 27.959.456
Fjármagnstekjur	kr. 362.107
Rekstrarniðurstaða, halli	kr. 597.341

Efnahagsreikningur:

Eignir:

Varanlegir rekstrarfjármunir	kr. 15.041.980
Veltufjármunir	kr. 17.025.230

Eignir samtals kr. 32.067.210

Eigið fé og skuldir:

Eigið fé	kr. 30.600.820
Langtímaskuldir	kr. 0
Skammtímaskuldir	kr. 1.466.390
Skuldir samtals	kr. 1.466.390

Eigið fé og skuldir samtals kr. 32.067.210

Ársreikningur borinn upp og samþykktur.

3. Tillaga um laun stjórnarmanna:

Laun stjórnarmanna verði 2% af þingfararkaupi nú kr. 15.258.- fyrir hvern fund og laun stjórnarformanns verði 4% af þingfararkaupi nú kr. 30.517.- fyrir hvern fund, Auk þess verði greiddur akstur samkvæmt ríkistaxta. Samþykkt.

4. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.

Engin tillaga barst.

Stjórnin er að vinna í endurskoðun á samþykktum samlagsins.

5. Kosningar.

Stjórn, aðal- og varamenn.

Tillaga um aðalmenn í stjórn:

Ágúst Ingi Ólafsson, Rangárþingi eystra
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra
Nanna Jónsdóttir, Ásahreppi

Tillaga um varamenn stjórnar:

Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Sólrun Helga Guðmundsdóttir, Rangárþingi ytra
Jakob S. Þórarinsson, Ásahreppi

Samþykkt samhljóða.

Löggiltur endurskoðandi/endurskoðunarfyrirtæki.

Tillaga um endurskoðunarfyrirtæki og endurskoðanda:

KPMG endurskoðun hf., Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi.
Samþykkt.

7. Önnur mál.

Leifur fór yfir skipulag, endurnýjun á búnaði og rekstur samlagsins. Leifi falið að senda áætlun um endurnýjun á búnaði á stjórn ásamt tillögu að skipuriti.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 10:55

